

Fundur í stjórn MÍR, 17. febrúar 2025.

Mætt: Erlendur, Logi, Edda Kristín, Jóhann, auk Áslaugar og Steingerðar sem sat fundinn fram yfir lið 4. Bergþóra var veik. Fundurinn átti að eiga sér stað í lok janúar en hefur verið frestað í þrígang vegna vinnu í kringum sölu á húsi D.

1. Endurskoðun á lögum og skipulagsskrá félagsins og skólans. Edda og Erlendur eru í nefndinni fyrri hönd stjórnar. Stjórn félagsins á eftir að skipa sína fulltrúa.
2. Starfsáætlun stjórnar. Áætlunin var samþykkt á fyrsta fundi stjórnar en starfsáætlun var enn inni sem verkefni fyrir janúarfund. Fundurinn staðfestir starfsáætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi eftir aðalfund en þó eru gerðar tvær breytingar til viðmiðunar fyrir næstu ár. Önnur er sú að liðurinn Starfsáætlun stjórnar er felldur niður á janúarfundi enda er starfsáætlun tekin fyrir á fundi í nóvember/desember. Hin er sú að á fundinum í mars verður stefna stjórnar tekin til umfjöllunar (stefnumótun).
3. Fjárhagsleg útkoma haustannar. Farið var yfir fjárhagsstöðu haustsins sem er með þeim annmörkum að skólinn er enn í miðju söluferli.
4. Húsnæðismálin. Kaupandi að JL húsinu skuldar skólanum stóra greiðslu sem átti að berast 15. janúar. Í ráði er að senda honum stefnu til að reyna að fá hann til að greiða. Fjármálaráðuneytið sýnir biðlund á meðan málin eru á hreyfingu en hús D var selt s.l. föstudag og andvirðið mun berast í lok mánaðar og fara beint til ríkisins.
5. Stefna stjórnar. Ákveðið að stjórnarfundurinn í mars verði nýttur til stefnumótunarvinnu en dagskrá þess fundar er ekki flókin í áætluninni. Fyrst hyggst stjórn klára undirbúningsvinnu fyrir lagabreytingar og byggja svo sína stefnumótun á henni.
6. Önnur mál. Stutt umræða um starfsmannamál.

Undirritunarsíða

Áslaug Thorlacius

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Logi Bjarnason

Jóhann Ludwig Torfason